

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn á TEAMS 8. febrúar 2021 kl. 15.00

Mættir: Sigurður Steinar Ásgeirsson fulltrúi foreldra, Ester Hjartardóttir fulltrúi grendarsamfélags, Katrín Guðnadóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Karen Hrund Heimisdóttir og Gyða Sigurðardóttir fulltrúar kennara, Eva Rán Ottósdóttir 9. bekk, Emma Hrönn Hákonardóttir 10. bekk, Ingunn Guðnadóttir 10. bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Endurskoðuð skólanámskrá

Skólastjóri kynnti vinnu við endurskoðun skólanámskrár. Unnið hefur verið að endurskoðun síðastliðið ár. Athugasemd við skólanámskrá komu fram við ytra mati Menntamálastofnunar 2018 og hófst endurskoðun í kjölfarið. Umræður urðu um skólanámskrána og lýstu fundarmenn ánægju sinni með plaggið sem þeir fengu sent fyrir fundinn. Í framhaldi af umfjöllun í skólaráði fer plaggið fyrir starfsmannafund og til fræðslunefndar.

2. Skólastarfið í ljósi heimsfaraldurs

Skólastjóri fór yfir skólastarfið í vetur í ljósi sóttvarna. Nú er skólastarf nemenda eðlilegt og allir nemendur fá hádegismat í matsal. Félagslíf nemenda hefur legið niðri í vetur sem nemendum þykir miður.

3. Opinn fundur skólaráðs

Rætt um hugmyndir að efni og tímasetningu á opnum fundi skólaráðs. Nemendaráð þarf að finna tímasetningu.

4. Önnur mál

Rætt um fjölgun nemenda í skólanum.

Næsti fundur verður boðaður á Teams.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.25

Jónína Magnúsdóttir, fundarritari